

140 gjörðir, og eptir að atkvæði, sem greidd höfðu verið, voru saman talin, reyndist, að atkvæði höfðu fallið á þessa leið:

Alþingismaður Einar Ásmundsson í Nesi hlaut . . . . .	21 atkvæði
Ritstjóri Skapti Jóseppson á Akureyri . . . . .	21 —
Prófastur Davíð Guðmundsson á Reistará . . . . .	10 —
Prófastur Benidikt Kristjánsson á Múla . . . . .	9 —
Alþingismaður Jón Sigurðsson á Gautlöndum . . . . .	9 —
Dannebrogismaður Benidikt Blöndal í Hvammi . . . . .	8 —
Prófastur Lárus Halldórsson á Valþjófsstað . . . . .	7 —
Sýslumaður Benidikt Sveinsson á Hjeðinshöfða . . . . .	5 —
Sýslumaður Stefán Thórarensen á Akureyri . . . . .	4 —
Umboðsmaður Páll Ólafsson á Hallfreðarstöðum . . . . .	4 —
Prófastur Björn Halldórsson í Laufási . . . . .	2 —
Prestur Eggert Briem á Höskuldsstöðum . . . . .	1 —
Prestur Kristján E. Þórarinsson á Tjörn . . . . .	1 —
Prestur Björn Þorláksson á Hjaltastað . . . . .	1 —
Hreppstjóri Benidikt Jónsson á Auðnum . . . . .	1 —

Með því þeir alþingismaður Einar Ásmundsson í Nesi og ritstjóri Skapti Jóseppson á Akureyri höfðu fengið flest atkvæði og jafnmörg, var samkvæmt fyrnefndri lagagrein dregið hlutkesti, og hlaut hlutinn alþingismaður Einar Ásmundsson, sem þannig er endurkosinn til amtsráðsins, en ritstjóri Skapti Jóseppson er kosinn varamaður.

Fundi slitið.

Skrifstofu norður- og austuramtsins 25. ágúst 1881.

J. Havsteen, J. Halldórsson. Guðmundur Helgason.  
settur.

141 Ári 1881, 14. dag septembermán., var fundur amtsráðsins í norður- og austur-  
amtinu settur á Akureyri af forseta amtsráðsins, settum amtmanni Júlíusi Havsteen,  
með amtsráðsmönnum presti Arnljóti Ólafssyni og alþingismanni Einari Ásmundssyni.

Á fundinum voru tekin til meðferðar og umræðu þau mál, sem hjer eru talin:

1. Samkvæmt 50. gr. sveitarstjórnarlaganna var prestur Arnljótur Ólafsson kosinn skrifari amtsráðsins til þess að rita í gjörðabókina, og ásamt með forseta sjá um, að ályktanir ráðsins verði birtar almenningi samkvæmt 55. gr. tjeðra laga.
2. Forseti amtsráðsins hafði auglýst 26. júlí síðastliðinn í norðanblöðunum, að bún-  
aðarfjelög þau, er óskuðu eptir styrk af þeim 2000 kr., er í fjárlögunum 9. gr. B.  
4. eru ætlaðar til eflingar búnaði, ættu að senda amtsráðinu fyrir 15. september  
skýrslur um framkvæmdir fjelaganna. Nú voru komnar slíkar skýrslur frá 10 bún-  
aðarfjelögum, en vanta frá 6, sem amtinu er kunnugt um, að til sjeu. Eptir því,  
sem amtsráðið gat næst komið af skýrslunum um framkvæmdir hvers af þessum  
10 fjelögum, rjeði það til, að þeim yrði veittur fylgjandi styrkur:

1. Búnaðarfjlagi Svínavatnshrepps . . . . .	250 kr.
2. Framfarafjlagi Hrafnagilshrepps . . . . .	35 —
3. ——— Saurbøjarhrepps . . . . .	35 —
4. ——— Öngulstaðahrepps . . . . .	100 —

Flyt 420 —

	Flutt	420 kr.
5.	Framfarafjelagi Skriðuhrepps . . . . .	65 —
6.	Búnaðarfjelagi í Fljótum og Siglufirði . . . . .	125 —
7.	Framfarafjelagi Fnjóskdölinga . . . . .	350 —
8.	Búnaðarfjelagi Fellnahrepps . . . . .	125 —
9.	— — Skriðdæla . . . . .	35 —
10.	— — Vallnahrepps í Suðurmúlasýslu . . . . .	20 —
	Samtals	1140 —

Hinar 860 krónur rjeði amtsráðið til, að legðist fyrst um sinn til búnaðarsjóðs norður- og austuramtsins til úthlutunar milli þeirra búnaðarfjelaga, er síðar munu senda bónarbrjef með skýrslum til ráðsins.

- Forseti framlagði álitsskjal sýslumannsins í Skagaffjarðarsýslu, dagsett 4. f. m., sem amtsráðið hafði óskt eftir, viðvíkjandi umkvörtun hreppsnefndarinnar í Holtshreppi yfir því atriði í úrskurði sýslunefndarinnar í tjeðri sýslu, 19. febr. 1881, «að erfingjar Helgu í Haganesi svari 18½ kr. í aukaútsvar af fasteignartekjum búans eftir rjettri tiltölu» (sbr. skýrslu um fund amtsráðsins 24. maí þ. á. nr. 8). Með því það nú sást af álitsskjalinu, að það væri meining úrskurðaratriðisins, að aukaútsvarið eigi skuli lenda nema á þeim erfingjum Helgu, sem ættu heima í Holtshreppi, þótt það væri svo orðað, að aukaútsvarið skuli leggjast á fasteignartekjur búans, áleit amtsráðið, að úrskurður sýslunefndarinnar yrði að skoðast sem endilegur.
- Með brjefi 11. maí þ. á. hafði sýslumaðurinn í Þingeyjarsýslu endursent bónarbrjef Sveins Brynjólfssonar á Sauðanesi, dagsett 11. júlí 1879, ásamt álit sýslunefndar Norður-Þingeyjarsýslu. Í bónarbrjefinu var farið fram á 500—800 kr. styrk úr landssjóði til að læra að brenna steinlím og fullkomnast í steinmíði. Landshöfðingi hafði í brjefi 29. ágúst 1879 leitað álit hlutaðeigandi sýslunefndar og amtsráðsins um það, hvort fje gæti fengizt veitt til þessa úr sýslusjóði eða amtsjóði. Sýslunefndin sá sjer eigi fært að veita nokkurn styrk til þessa fyrirtækis úr sýslusjóði. Amtsráðið gat fyrir sitt leyti eigi álitíð ráðlegt, að veita nokkurn styrk til þess að læra steinlímshrenslu, meðan menn vissu eigi með nokkurri vissu, hvort hjer á landi væri til steinlímstak, er nota mætti. Í annan stað væru nú 2 lærðir steinhöggvarar hjer í umdöminu, er lært höfðu steinhögg við smíði alþingishússins, og gætu kennt steinmíði út frá sjer. Af þessum ástæðum gat amtsráðið ekki stutt bónarbrjefið með meðmælum sínum.
- Forseti lagði fram brjef landshöfðingja, 28. júlí þ. á., sem fer fram á að fá álit amtsráðsins um bænarskrá frá Erlendi Gíslasyni frá Eyvindarstöðum í Húnavatnsýslu um 400 kr. styrk til að afla sjer kunnáttu erlendis við ullarvinnu. Amtsráðið var því meðmælt, að styrkur þessi verði veittur af því fje, sem ætlað er til vísindalegra og verklegra fyrirtækja, ef nokkuð skyldi vera til fyrir höndum af þeirri fjárveitingu.
- Forseti lagði fram brjef sýslumannsins í Norðurmúlasýslu, 17. júní þ. á., þar sem sýslumaður skýrir frá, að hið vanheimta sýslusjóðsgjald úr Jökuldals- og Hlíðarhrepp fyrir árið 1879 eigi geti orðið tekið upp í sýslusjóðsreikninginn fyrir 1880, sem þegar sje samín, en að upphæð þessi, 1 kr. 55 aurar, skuli tekin til greina í reikningnum fyrir 1881. Sýslumaðurinn getur einnig þess, að hann hafi skipað

141

- hreppsnefndunum, eptirleidis að senda enn greinilegri vegabótaskýrslur og eins gjöra nákvæm reikningsskil fyrir hreppvegagjaldinu.
7. Forseti lagði fram brjef sýslumannsins í Eyjafjarðarsýslu, 8. maí þ. á., þar sem sýslumaður leggur til, að þær 1000 kr., sem samkvæmt brjefi landshöfðingja 26. marz þ. á., megi með samþykki amtsins verja til vegagjörðar, annaðhvort á Siglufjarðarskarði, Öxnadalsheiði eða Vaðlaheiði, verði hafðar til að fullgjöra veginn á Öxnadalsheiði í sumar. Þetta hefir amtið samþykkt í brjefi 28. júlí þ. á. og jafnframt tilkynnt sýslumanninum, að þeim 800 kr., sem máttu ganga til vegagjörðar á Siglufjarðarskarði, ef eigi yrði í sumar byrjað á veginum yfir Vestdalsheiði, mundi verða varið til þessarar síðastnefndu vegagjörðar, með því sýslumaðurinn í Norðurmúlasýslu í brjefi 17. júlí þ. á. hafði skýrt amtinu frá, að hann mundi láta byrja á þessum vegi. Amtið hefir því næst lagt þessum sýslumanni fyrir, að láta byrja á þessari vegagjörð, og sjá um, að hún verði unnin á sem haganlegastan hátt.
  8. Forseti lagði fram bænarskrá frá Jóni söðlasmið Ólafssyni á Sveinsstöðum um 250 kr. styrk til vatnaveitinga á tjeðri ábúðarjörð sinni af því fje, sem veitt er til eflingar búnaði, en áður hafði hann fengið jafnmikinn styrk til þessa. Amtsráðið gat eigi orðið við beiðni hans, en benti honum á, að leita til landshöfðingja um styrk úr umboðssjóðnum samkvæmt brjefi ráðgjafans 25. maí 1880, 6. tölulið (Stjórnartíðindi B. 1880 bls. 107).
  9. Forseti lagði fram reikninga yfir tekjur og gjöld amtsbókasafnsins fyrir 1878, 1879 og 1880. Amtsráðið yfirfór þessa reikninga, og gat ekkert að þeim fundið.
  10. Forseti lagði fram skýrslur um athafnir kvennaskólans í Skagafjarðarsýslu 1879—80 og 1880—81, svo og reglur og reglugjörð kvennaskólans í Húnavatnssýslu og próf-skýrslu vorið 1881. Skýrslu vantaði frá kvennaskólanum á Laugalandi. Í áætlun um tekjur og gjöld jafnaðarsjóðsins árið 1881 eru ætlaðar 700 kr. til kvennaskólanna í amtinu og til amtsbókasafnsins. Nú samþykkti amtsráðið, að 100 kr. af hinum umgetnu 700 kr. skyldi varið til að semja skrá yfir amtsbókasafnið, að kvennaskólarnir í Skagafjarðarsýslu og Húnavatnssýslu skyldu fá sínar 100 kr. hvor, en Laugalandsskólinn 400 kr., þegar stjórn hans hefði gefið amtmanninum nægilega skýrslu um kennsluna og vorprófið, svo og um fjárhag skólans árið 1880—81.
  11. Í brjefi 3. nóvbr. f. á. hafði landshöfðingi óeskt eptir álitu amtsráðsins út af beiðni ábúandans á Þjóðjörðinni Djúpárbakka í Glæsibæjarhrepp um lækun á landskuldargjaldi sínu vegna þeirra skemmda, sem Hörgá með landbroti hefir valdið tjeðri jörðu. Forseti lagði fram álitsskjal frá hlutaðeigandi hreppsnefnd og sýslunefnd, sem landshöfðingi einnig hafði mælt til þess að fá, og höfðu nefndir þessar lagt það til, að ábúandinn fengi ívilnun í eptirgjaldi, og hreppsnefndin sjer í lagi komið með þær tillögur, 1) að landskuldin ferist niður um 20 áln. frá fardögum 1880 að telja, og 2) að niðurfærsla þessi gildi að eins fyrir ábúðartíð ábúandans núveranda, þó með þeim skildaga, að hann sje skyldur að kaupa sjer svo heyskap, að nemi niðurfærzlunni, og að jörðin njóti þess ábúðarauka. Amtsráðið fjellst á tillögur hreppsnefndarinnar í þessu máli.
  12. Forseti framlagði skuldabryef prentsmiðjusjóðsins ásamt með fundabók og reikningabók hinnar fyrverandi prentsmiðju norður- og austuramtsins. Eignir sjóðsins eru nú þessar :

1. Veðskuldabrjef Björns prentara Jónssonar, 30. jan. 1880 . . . . .	1200 kr.	» a.	141
2. — — — — — Halldórs bónda Árnasonar, 11. júní 1880 . . . . .	200 —	» -	
3. Skuldabrjef Gránufjelagsins, 30. ágúst 1880 . . . . .	370 —	» -	
4. — — — — — Eggerts Gunnarssonar, 24. desbr. 1879 . . . . .	330 —	72 -	
5. Veðskuldabrjef Skapta ritstjóra Jósefssonar, 21. júní 1879 . . . . .	208 —	12 -	
6. Í peningum hjá forseta amtsráðsins . . . . .	92 —	81 -	
	2401 —		65 -

Þar að auki er innkomið í vöxtum af skuldabrjefi Eggerts Gunnarssonar til 24. desbr. 1880 . . . . . 13 kr. 23 a.

og af skuldabrjefi Björns prentara Jónssonar til 30. jan.

1880, 48 kr., og af skuldabrjefi Halldórs Árnasonar til

11. júní 1881 8 kr. . . . . 56 — » - 69 — 23 -

Samtals 2470 — 88 -

Aðrir vextir eru ógreiddir, svo og andvirði fyrir seldar bókaeifir hjá Friðbirni bókbindara Steinssyni á Akureyri, er forseti amtsráðsins tók að sjer að koma í lag.

13. Kaupstjóri Tryggvi Gunnarsson kom á fund amtsráðsins, þar til kvaddur, og gjörði grein fyrir framkvæmdum sínum við brúargjörðina yfir Skjálfandaffjót, og lagði fram reikninga fyrir því, hvernig hann hefði verið þeim 6000 kr., sem hann hingað til hafði fengið útborgaðar úr landssjóði, og reyndist það, að hann hafði lagt út 135 kr. fram yfir þessa upphæð og að auki upphæð, sem hann í svipinn eigi gat sýnt hve mikil væri, en hann kvaðst innan fárra daga geta skýrt forseta ráðsins frá því. Steinlím í stöpla hafði verið flutt til Húsavíkur í sumar og hafði Bald verkstjóri að undirlagi Tryggva Gunnarssonar látið hlaða stöpla undir brúna; en Bald hafði þó gjört þá breytingu frá því, sem ákveðið hafði verið upphaflega, að hann ætlaði lengri brúna, sem átti að leggja yfir sjálft fljótið, á kvíslina, þar sem með þessu móti yrði komið hjá dýrri stöplahleðslu við hana; en þegar styttri brúin yrði lögð yfir aðalána, yrði stöplahleðslan, sem þá yrði nauðsyn á þar, langtum kostnaðarminni. Amtsráðið var helzt á því, að við svo búin yrði að standa, með því það mundi verða mikill kostnaðarauki, að láta nú einnig fara að hlaða stöpla við kvíslina, ef skemmri brúin skyldi sett þar, eins og til ætlaðt hafði verið upphaflega, og það mundi nú líta illa út, að leggja lengri brúna á aðalána, þar sem sá hluti brúarinnar, er á landi hvíldi, yrði svo langur stöplahleðslu þeirrar vegna, sem gjörð hafði verið í sumar með því augnamiði, að skemmri brúin yrði höfð þar. Amtsráðið fól Tryggva Gunnarssyni enn fremur að sjá um allt það, er til brúargjörðarinnar heyrði ytra, kaupa og senda hingað það, sem enn vantar, og ráða menn til þess að setja brýrnar upp að sumri, en amtsráðið tók að sjer að sjá um flutning á því, sem kæmi til Húsavíkur og Oddeyrar í haust, þaðan og upp að brúarstöðinu. Amtsráðið skoraði á forseta, að borga Tryggva Gunnarssyni til bráðabirgða, þegar hann væri búinn að gjöra nákvæmari reikningsskil, áður en hann færi hjeðan, nokkuð af því, sem hann hafði lagt út fram yfir það, sem hann hafði fengið úr landssjóði, og til ýmislegra útgjalda, sem upp á kynnu að koma, en forseta var veitt heimild til að biðja landshöfðingja, að senda sjer jafn mikið fje og útborgað yrði til Tryggva Gunnarssonar í haust, og enn 1000 kr. til þess að greiða kostnað þann, sem hlytist af framkvæmdum amtsráðsins bæði við flutning

Hinn 20. dösember 1881.

141 á brúarefni því, sem á að flytja upp að brúarstöðinu í haust og á vetri komanda, og við annað, er brúargjörðina snertir.

Fleiri mál komu eigi til umræðu á þessum fundi.

Akureyri, 12. dag oktblm. 1881.

J. Havsteen,  
settur.

## Stjórnarbrjef og auglýsingar.

142 — Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um eitrad fataefni. — Frá 13. sept. amtmanninum yfir norður- og austurumdæminu meðtók ráðgjafinn sýnishorn af 4 ströngum af tvennskonar fataefni, sem komið höfðu til Seyðisfjarðar með skonnortunni «Merkúr» og skipstjóra Wathne og voru kyrrsettir þar af sýslumanninum í Norður-múlasýslu, og hafði Wathne skipstjóri játað fyrir honum, að strangarnir hefðu verið sjer afhentir til sölu af Tobiesen kaupmanni í Mandal. Síðan voru sýnishorn þessi rannsökuð í hinni efnafræðislegu verksmiðju V. Steins, og kom frá honum skýrsla um það, að báðar tegundirnar hefðu inni að halda eitur (arsenik), og er það talsvert í annari, en mjög lítið í hinni tegundinni.

Ráðgjafinn hefir svo í dag skrifað utanríkisstjórninni og mælt til þess, að hún gerði hlutaðeigandi norskum yfirvöldum kunnar tiltekjur nefnds kaupmanns Tobiesens og Wathnes skipstjóra með tilliti til þess, að þeir ætluðu að selja vörur þessar á Íslandi, og einnig skotið því til hinna norsku yfirvalda að sjá um, að mál þetta yrði rannsakað, og fyrgreindir menn dregnir til ábyrgðar.

Um leið og yður, herra landshöfðingi, er skýrt frá þessu í sambandi við brjef hjoðan frá 1. júlí þ. á. og svo að þjer birtið það amtmanninum yfir norður- og austurumdæminu, er þjónustusamlega skorað á yður þóknanlega að annast um, að fataefni það, sem hjer er um að ræða, verði fyrst um sinn í geymslu valdstjórnarinnar.

143 — Brjef yfirstjórnar póst- og telegraphmálanna til landshöfðingja um sendingu 29. sept. pósthögglanna til utanríkislanda. — Eptir að pósthúsin í Reykjavík, Akureyri, Ísafirði, Stykkishólmi og Seyðisfirði hafa samkvæmt brjefi yðar, herra landshöfðingi, frá 27. apríl þ. á. til ráðgjafans fyrir Ísland, er hingað hefir verið sent, verið tekin í tölu þeirra pósthúsa, er geta tekið þátt í póstflutningi höggla þeirra, er røðir um í samþykktinni frá 3. nóvbr. 1880, skal yfirstjórnin jafnframt því að senda nokkur exempl. af «Officielle Meddelelser» nr. 27—1881 með tilheyrandi fylgiskjölum um framkvæmd nefndrar samþykktar, svo og 2 sjerstaka samninga, er gjörðir hafa verið við Svíþjóð og Noreg, leiða athygli yðar að ákvörðunum þeim, sem þar (í V. kafla) eru um sendingu pósthögglanna milli Íslands og landa þeirra, er tekið hafa þátt í Parísarsamþykktinni. Samkvæmt þessu ber fyrir höggla án tiltekinna verðupphæðar allt að 6 pundum að þyngd og sem fullnægja fyrirmælum Parísarsamþykktarinnar, að því er ummál þeirra snertir, og sendir eru frá Íslandi til landa þeirra, að undantekinni Svíþjóð og Noregi er tekið hafa þátt í optnefndri samþykkt, að greiða burðareyrisupphæðir þær, sem getur um í burðargjaldsskránni fyrir 10 punda höggla frá Danmörku til útlanda; af þessum burðareyri hlýtur hin íslenska póststjórn hluta þann, sem Danmörku er ákveðinn, en utanríkis-